



ALLT Á EINUM STAD

Ólafsbraut 19 · 436 1214 · www.voot.is

# JÖKULL

1081. tbl - 23. árg.

21. september 2023



## Afmælistónleikar á Brimilsvöllum



Í ár er 100 ára afmæli Brimilsvallakirkju en hún var vígð þann 28. október 1923. Í tilefni afmælisins voru haldnir þar afmælistónleikar fimmtudaginn 14. september síðastliðinn. Þar komu fram Veronica Osterhammer, mezzosópran, Valentina Kay, píanóleikari, Kirkjukór Ólafsvíkur ásamt Inga Hans sem flutti erindi um baráttu um kirkjuna og klofningu hreppsins, sem var undanfari að Ólafsvíkurhreppi og Fróðárhreppi.

Á tónleikunum voru sungnir

sálmar, ættjarðarlög, íslensk einsöngslög til minningar um Maríu Markan og íslensk dægurlög til minningar um Hallbjörgu Bjarnadóttur.

Þétt var setið í Brimilsvallakirkju á þessari ljúfu stund á fallegum degi. Laugardaginn 28. október verður svo haldin hátíðarmessa á Brimilsvöllum í tilefni 100 ára afmælisins og að messu lokinni verður boðið til kaffisamsætis í Safnaðarheimili Ólafsvíkurkirkju.

SJ



- Bílaviðgerðir
- Skipaþjónusta
- Almenn suðuvinna
- Smurþjónusta
- Smábátaþjónusta
- Dekkjaverkstæði

vegr@vegr.is vegr.is  
S: 849-7276 Remek og 898-5463 Þórður

## Tékkkaðu á brjóstunum

Is it time for your regular breast screening?  
Czy nadszedł czas na mammografię?

Bókaðu tíma/Schedule appointment 513 6700 (8:30-12:00)

# Kristinn hlaut náttúruverndarviðurkenningu



Á degi íslenskrar náttúru hlaut Kristinn Jónasson Náttúruverndarviðurkenningu Siguríðar í Brattholti. Umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra, Guðlaugur Þór Þórðarson tilkynnti um viðurkenninguna og verður þetta í fjórtánda sinn sem náttúruverndarviðurkenningin er afhent.

Í sveitastjóratíð Kristins hefur hann verið virkur í baráttu fyrir margskonar verkefni tengd náttúruvernd en meðal annars sat hann í starfshóp um stofnun Snæfellsjökulsþjóðgarðs, komið að gerð svæðisskipulags Snæfellsness, verið aðili að svæðisgarði Snæfellsness og fengið


EarthCheck umhverfissvottun fyrir sjálfbær samfélög. Kristinn hefur talað fyrir því að landsvæði Svæðisgarðsins Snæfellsness komist á skrá menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna (UNESCO) yfir svonefnd MAB eða maður og lífvolvssvæði. Sú vinna er í gangi. Markmið MAB er að styrkja tengsl milli fólks og umhverfis á grunni vísindalegrar þekkingar.

Guðlaugur Þór hafði orð á því við tilkynninguna að eldhugar eins og Kristinn væru mjög mikilvægir fyrir náttúru Íslands og vinnan sem hann hefur lagt í fyrir Snæfellsjökulsþjóðgarð verði seint full þökkud. Hann sagði Kristinn vera vakandi fyrir tæki-

færum sem felast í þjóðgarðinum og vill meina að hann sé að mörgu leyti á undan sinni samtið. Guðlaugur segir þetta frumkvöðulsstarf hafa skilað miklu til svæðisins og að afrakstur þeirrar vinnu sýni sig vel í þeim samhljómi sem ríki milli íbúa Snæfellsness og stórbrotinnar náttúru þjóðgarðsins. Afhending viðurkenningarinnar mun fara fram á Snæfellsnesi og verður tímasetning kynnt síðar.

Meðfylgjandi mynd af Kristni Jónassyni tók Herdís Leifsdóttir þegar þau voru við smölun í Búlandshöfða í síðustu viku.

JJ



Á heimasíðu  
Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness  
**fasteignsnae.is**  
er að finna upplýsingar um allar eignir á  
skrá hjá Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness.

Pétur Kristinsson hdl.  
löggitur- fasteigna- og skipasali sími 438-1199

## Konukvöld í Útgerðinni



Það hefur myndast skemmtileg hefð fyrir Konukvöldum í Útgerðinni síðustu ár. Fimmtudaginn 14. september buðu Rut í Útgerðinni, María á Pastel og Margrét Eir á Snyrtistofunni Glóey konum upp á skemmtilega kvöldstund í nýju húsnæði Útgerðarinnar á Hellissandi. Fjöldinn allur af konum komu þar saman í létrri og ljúfri stemning með flottum vörum, tilboðum og veitingum. Í vinstofu Útgerðarinnar var

boðið upp á fljótandi veitingar og veitingastaðurinn Matarlist sá um léttar veitingar fyrir gesti. Nöfn allra sem versluðu á konukvöldinu fóru í pott og var Arnheiður Guðmundsdóttir svo heppin að vera dregin úr honum í lok kvöldsins. Arnheiður hlaut vinning að andvirði tæpum 40 þúsund krónum frá Útgerðinni, Pastel og Glóey.

SJ

## Kvenfélag Ólafsvíkur Listaverk

Kvenfélag Ólafsvíkur varð 70 ára árið 2020. Af því tilefni var ákveðið að setja upp minnisvarða í Ólafsvík. Langt ferli fór af stað en nú höfum við ákveðið að kynna þetta nánar. Listaverkið heitir „Gleði“ og það er listamaðurinn Sigurður Guðmundsson sem er að vinna þetta með okkur og höfum við átt í mjög góðu samstarfi við hann. Minningarsteinninn „Minning um horfna“ við kirkjugarðinn er líka eftir Sigurð, þar er sorgin en þetta er gleðin. Listaverkið verður staðsett nálægt Leikskól-

anum Krílakoti, við Gilið. Verkið er hannað með það í huga að börn geti leikið sér í því en það á einmitt að minna á þá ótrúlegu þrautseigju kvenfélagskvenna sem stofnuðu fyrsta leikskólann í Ólafsvík og ráku hann í nokkur ár, svo konur gætu farið út á vinnumarkaðinn.

Nú fer að hefjast vinna við undirstöðu verksins og verða verklok vonandi á þessu ári.

f.h. Kvenfélags Ólafsvíkur  
Elfa, Ester, Jenny,  
Kristín og Steiney



Blaðið er gefið út af Steinprent ehf. og liggur frammi í Snæfellsbæ og Grundarfirði.

Blaðið kemur út vikulega.

Upplag: 500

Áb.maður: Jóhannes Ólafsson

Prentun: Steinprent ehf.  
Sandholt 22a, Ólafsvík  
355 Snæfellsbæ

Netfang: steinprent@simnet.is

Sími: 436 1617

# Ungmennaráð Snæfellsbæjar til Ítalíu

Í síðustu viku fór ungmennaráð Snæfellsbæjar í ungmennaskipti verkefni til Ítalíu. Ráðið sótti um og fékk styrk fyrr á árinu í gegnum Erasmus+ til þess að kynnað öðrum ungmennaráðum úti í heimi og skiptast á þekkingu. Ungmennaráð Snæfellsbæjar samanstendur af Eyþóri, Hönnu, Etienne, Gunnlaugi og Stefaníu og fóru þau til Livorno á Ítalíu ásamt íþrótta- og æskulýðsfulltrúa Snæfellsbæjar, Kristfríði Rós. Þau fengu að kynnað ungmennaráðinu í Livorno ásamt því að fá fræðslu um svæðið, sögu og menningu þess. Ungmennaráðið hlaut þann heiður að funda með bæjarstjórn og aðstoðar bæjarstjóra Livorno í ferð sinni. Þau skiptust einnig á hugmyndum og upplýsingum um starfsemi ungmennaráðanna og muninn á skólakerfinu á Ítalíu og á Íslandi.

Ungmennin komu reynslunni ríkari heim eftir þessa ferð, þau



lærðu mikið og hittu frábært fólk sem sinnir svipuðu starfi og þau. Í Janúar mun ungmennaráð Livorno koma til Íslands og kynnað starfsemi ungmennaráðs Snæfellsbæjar og skoða svæðið.

JJ



## Réttað á norðanverðu Snæfellsnesi

Réttað var í Hrafnkelsstaðarétt og Mýrum í Grundarfirði, Þæfusteinsrétt á Hellissandi/Rifi og Ólafsvíkurrétt í Ólafsvík um síðastliðna helgi. Smölun gekk vel þrátt fyrir leiðinda veður á laugardeginum en réttum í Hrafnkelsstaðarétt, á Mýrum og í Þæfusteinsrétt var frestað til sunnudags. Plan hélst óbreytt í Ólafsvíkurrétt og var dregið í sundur í úrhellisrigningu og hvassviðri. Klæddi fólk sig eftir veðri og mætti á staðinn, tók þátt og yljaði sér svo á veitingum í fjárhúsinu Lambafelli. Á sunnudeginum var svo dregið í sundur í heldur þægilegra veðri í Hrafnkelsstaðarétt, á Mýrum og í Þæfusteinsrétt. Þar var haust stemning í loftinu og gleðin við völd.

Laugardaginn 23. september verður svo réttað í Grafarrétt í Breiðuvík og Ölkeldurétt og Bláfeldarrétt í Staðarsveit.

Réttarmynd úr Grundarfirði tók Sverrir Karlsson, ljósmyndari í Þæfusteinsrétt var Hafsteinn Björnsson og Jóhanna Jóhannesdóttir tók myndir í Ólafsvík.

SJ



# Kross og ártal á Ingjaldshólskirkju

Það er búið að vera viðburðaríkt á Ingjaldshóli í sumar. Kirkjan og safnaðarheimilið var mál- að hátt sem lágt. Starfsmenn á vegum Kristjáns Sævarssonar mál- arameistara, KS málnun ehf. sáu um verkið og var útkoman stór- glæsileg. Eins og flestir vita þá duga þeir peningar sem ætlaðir eru til viðhalds á kirkjum skammt en með hjálp góðra vina er allt mögulegt.

Þann 11. september síðast- liðinn var svo nýjum krossi ásamt ártali komið fyrir á turni Ingjalds- hólskirkju. Á turninum var kross sem f auk af í illviðri í vetur og var vafamál hvort að nýr kross færi upp. Aðstandendur Sævar Friðþjófsssonar komu að máli við stjórn safnaðar Ingjaldshóls- kirkju um að gefa kirkjunni gjöf til minningar um Sævar sem lést þann 15. desember 2022. Sævar Friðþjófssson var útgerðarbondi í Rífi og eigandi útgerðarinnar Út- nes ehf. ásamt konu sinni, Helgu Hermannsdóttur og börnum. Úr varð og var settur upp koparkross með baklýsingu sem rafvirki frá Smiðjunni Fönix sá um.

Kirkjan á Ingjaldshóli var byggð árið 1903 og er talin vera elsta



steinsteypa kirkja í heimi. Hún á því 120 ára afmæli í ár. Við það til- efni var því fest á stefni kirkjunnar byggingarár kirkjunnar. Smári Jónas Lúðvíksson fyrrum formaður sóknarnefndar fékk þá hug- mynd og gaf hann og fjölskylda hans kirkjunni koparskorna tölu- stafi í tilefni afmælisins. Það voru

svo bræðurnir og frændurnir Smári, Ómar, Lúðvík og Ari sem gáfu vinnu sína við að festa krossinn og ártalið.

Stjórn Ingjaldshólskirkju vill koma á framfæri innilegu þak- klæti til fjölskyldu Sævars Frið- þjófsssonar, Smára Jónasar Lúð- víkssonar og fjölskyldu, Lúðvíks

Vers Smárasonar, Ómars Lúðvíks- sonar, Guðmundar Kristjánssonar og öllum þeim sem hafa lagt lið við að styðja kirkjuna. Þeirra framlag er mikils metið í okkar samfélagi.

*Fyrir hönd sóknarnefndar  
Ingjaldshólskirkju,  
Ari Bent Ómarsson*

## Fótboltasumar yngri flokkanna

Fótboltasumrinu er nú að ljúka og æfingar vetrarins byrjaðar. Snæfellsnessamstarfið hefur gengið vel í sumar og tóku fjögur lið Snæfellsness þátt í Íslands- móti KSÍ í sumar, tvö í 5. flokki karla, eitt lið í 4. flokki karla, 3. flokki karla og 3. flokki kvenna. 5. flokkur karla A-lið sigraði sinn riðil með fullt hús stiga og spil- aði umspilsleik um sæti í úrslita- keppninni við ÍA en tapaði þeim leik, 5. flokkur karla C-lið náði einnig góðum árangri og endaði í 3. sæti í sínum riðli og 4. flokkur karla B-lið enduðu neðstir í virkilega sterkum riðli. 3. flokkur karla B-lið á ennþá þrjá leiki eftir af mótinu en eins og er sitja þeir í 4. sæti riðilsins með 5 sigra, 1 jafntefli og 5 töp. Eins og fjallað var um í 1078. tölublaði Jökuls hafa stelpurnar í 3. flokki kvenna B-lið staðið sig vel í sumar og sigruðu þær sinn síðasta leik sunnu- daginn 10. september sem varð til þess að þær klára sumarið efstar í sínum riðli. Því miður fá þær



þó ekki tækifæri á að fara í um- spilskeppni til að komast í úr- slitakeppnina þar sem 3. flokkur kvenna var einungis með B-lið á mótinu en krafa er um að A-lið sé líka skráð til keppni til að fá að taka þátt í þeim. Auk Íslands-

móts KSÍ spiluðu þessir flokkar auk 6., 7. og 8. flokks í fjölda fót- boltamóta um land allt. Aðspurður segir Brynjar Kristmundsson, yfirþjálfari Ungmennafélags Víkings/Reynis, að krakkarnir hafi staðið sig virkilega vel og hafi tek-

ið miklum framförum, bæði sem leikmenn og sem liðsmenn sem sé alltaf stærsta markmiðið. Það er því óhætt að segja að framtíðin í boltanum sé björt á Snæfellsnesi.

*SJ*

# Ný grunnsýning í Byggðasafni Snæfellinga og Hnappdæla



Ný grunnsýning verður opnuð laugardaginn 23. september kl. 14:30 í Norska húsinu í Stykkishólmi. Sýningin leysir af hólmi fyrri grunnsýningu safnsins sem staðið hefur yfir á miðhæð hússins síðan árið 2001.

Byggðasafnið hlaut öndvegissstyrk Safnaráðs árið 2020 til að ráðast í gerð nýrrar grunnsýningar og var viðtækt samráð haft um sýninguna þar sem íbúar Snæfellsness tóku virkan þátt í samtalinu um nýja grunnsýningu. Niðurstaða stýrihóps sem hélt utan um undirbúningsferilinn var að ný sýning myndi fjalla um ungt fólk á Snæfellsnesi á tuttugustu og tuttugustu og fyrstu öldinni. Anna Melsteð Þjóðfræðingur í Stykkishólmi var ráðin sem sýningarstjóri og Finnur Arnar Arnarsson er sýningarhönnuður.

Sýningin ber heitið „Hjarta- staður - Sjóndeildarhringurinn með augum ungs fólks á Snæfellsnesi frá 1900“ og dregur fram sjónarhorn ungs fólks á umhverfi sitt og tengingu þess við áttugana en saga Snæfellsness bland-

ast þar inn í enda ótalmargir utan- aðkomandi þættir í sögunni sem höfðu afgerandi áhrif á líf ungmenna á tímabilinu 1900 til samtímans. Reynt er að endurspegla menningu og veruleika ungs fólks á Snæfellsnesi meðal annars með viðtölum við Snæfellinga á ýms- um aldri. Auk þess varpa heimildir og gögn annarsstaðar frá ljósi á söguvið sýningarinnar. Dustað er rykið af hluta þeirra 6000 gripa sem Byggðasafnið varðveitir og tengjast umfjöllunarefninu. Má þar finna forvitnilega hluti sem á einhverjum tímamarki hafa haft áhrif líf ungs fólks. Hlaðvarps- þættir, byggðir á rannsóknarvið- tölum sem gerð voru fyrir sýninguna líta dagsins ljós fyrri hluta árs 2024 auk þess margskonar viðburðir tengdir efni sýningarinnar eru áætlaðir.

Meðfylgjandi mynd er frá Bæringsstofu.

Safnstjóri Byggðasafns Snæfellinga og Hnappdæla er Hjördis Pálsdóttir. Safnið er opið alla daga frá kl. 12-16 fram að adventu. Þá tekur við jólaopnun og opið alla daga kl. 12-17.



# Aukinn kvóti til Ólafsvíkur



Í fréttatilkynningu frá Útgerðarfélaginu Steinunni ehf. kemur fram að félagið hefur lagt grunn að auknum umsvifum sínum í Ólafsvík með kaupum á fiskveiðiheimildum sem nema ríflega 100 þorskígildistönnum af Saltveri ehf. í Reykjanesbæ fyrir um 300 milljónir króna. Kvótanum verður bætt við veiðiheimildir vertíðarþátsins Steinunnar SH-167 og aukast með þeim umsvif útgerðarinnar til muna ásamt verkefnum nálægrrar landvinnslu. Kaupin eru gerð í framhaldi af sölu á 60% hlut í Steinunni til FISK Seafood fyrir tveimur árum með það að leiðarljósi að efla enn frekar útgerðina á heimaslóðum.

Þeir bræður, Brynjar og Ægir Kristmundssynir eiga ásamt fjölskyldum sínum hvor sinn 20% hlut í Steinunni hf. og segist Brynjar sannfærður um að þessi viðbót verði farsæl fyrir heima-

byggðina. „Tilgangurinn með sölunni og samstarfinu við FISK Seafood var frá upphafi að styrkja og stækka starfsemina hér í Ólafsvík. Nú eru fyrirheitin og markmiðin að raungerast og því ber að fagna. Útgerð Steinunnar hefur verið með ágætum síðustu árin, veiðarnar hafa gengið vel og fiskverð verið gott. Ég er sannfærður um að þessi fjárfesting verði enn frekari lyftistöng á komandi árum.“

„Þetta eru ákaflega ánægjuleg tíðindi,“ segir Kristinn Jónsson, bæjarstjóri Snæfellsbæjar. „Íbúar í Ólafsvík og nágrenni hafa alla tíð verið stoltir af þessu rötgróna fjölskyldufyrirtæki enda umgjörðin um reksturinn ávallt verið sannkölluð bæjarþryði. Það er greinilegt að með tengslunum við FISK Seafood verður engin breyting þar á og því ber að fagna.“

## Úthlutað úr Orkusjóði

Orkustofnun úthlutar árlega styrkjum úr Orkusjóði og var úthlutunin kynnt þann 7. september síðastliðinn. Hlutverk Orkusjóðs er að stuðla að hagkvæmri nýtingu orkuauðlinda landsins með styrkjum sem draga út notkun á jarðefnaeldsneyti og auka nýtingu á innlendum, endurnýjanlegum orkugjöfum. Styrkþegar eru allt frá einstaklingum til sveitarfélaga og stærri fyrir- tækja.

Nú í ár rötuðu þrjár styrkir hingað á svæðið og er heildarupphæðin tæplega 58 milljónir króna. Orkan IS ehf. fékk úthlutaðan 16.4 milljón króna styrk til þess að setja upp 400kW færanlega hraðhleðslustöð fyrir trukka og fólksbíla í Grundarfirði.

Klumba ehf. sótti um styrk til

þess að fjármagna varmaendurnýtingu í fiskþurrkun á köldu svæði. Styrkurinn hljóðar upp á 25 milljónir króna og verður hann notaður til kaupa á tækjabúnaði sem nýtir endurnýjanlega orku í stað olíu.

Grundarfjarðarbær fékk úthlutaðan 16.4 milljón króna styrk sem mun fara í orkuskipti sundlaugarinnar, grunnskólans og íþróttahúss Grundarfjarðar. Það verkefni er nú þegar hafð og hefur bærinn áður fengið 21,5 milljónir króna í styrki. Skóla- og íþróttamannvirki bæjarins eru kynt með olíu í dag en undirbúningsvinna er þegar hafin til að skipta út olíukyndingunni og setja upp varmadælubúnað sem mun verða ný orkugjafi allra mannvirkjanna.

JJ

# Aðalsafnaðarfundur Ólafsvíkursóknar

Aðalfundur safnaðar Ólafsvíkurkirkjusóknar var haldin sl. mánudag í Safnaðarheimili Ólafsvíkurkirkju kl. 17,30.

Fundarstjóri var Baldvin Leifur Ívarsson.

Pétur Bogason formaður sóknarnefndar flutti skýrslu stjórnar og sagði frá starfsemi. Hann sagði frá mikum framkvæmdum við kirkjuna og einnig nefndi hann það sem framkvæma þarf á næstunni. Hann þakkaði vel öllum þeim sem hafa styrkt kirkjuna með fjárframlögum og það hafi mikil áhrif að hafa öflugna einstaklinga sem sýna kirkjunni og starfi hennar velvild.

Pétur sagði líka frá starfsemi í kirkjugarðinum. Komid væri að því að stækka garðinn sem hefur ekki gengið eftir vegna ýmissa orsaka.

Ragnheiður Vígundsdóttir gjaldkeri sóknarnefndar fór yfir reikn-

inga kirkjunnar og kirkjugarðsins. Það kom fram að kirkjan stendur vel og það eru engar skuldir sem á henni hvíla.

Þá fór sr. Ægir Örn Sveinsson yfir starfið það sem af er árinu og ræddi um það sem framundan er. Það kom fram hjá honum að búið væri að fá tvær konur til að sjá um barnastarfið.

Að lokum bar fundarstórnin Baldvin Leifur Ívarsson upp framangreinda liði til samþykktar og var það gert af öllum fundarmönnum.

Þá var gengið til kosninga og að þeim loknum eru eftirtaldir aðalmenn sem skipa hana og skipta þeir með sér verkum: Baldvin Leifur Ívarsson, Ragnheiður Vígundsdóttir, Þorsteinn Jakobsson, Inga Fanney Jónasdóttir og Pétur Steinar Jóhannsson. Varamenn eru Olga Guðrún Gunnarsdóttir, Ólaf-

ur Vignir Sigurðsson, Guðmundur Ólafsson, Guðrjúður Þórðardóttir og Þórður Björnsson.

Undir næsta lið á dagskránni urðu umræður um líkhúsið sem er í eigu Snæfellsbæjar og stendur við Hjarðartún. Í byrjun voru sýndar myndir af húsinu en það er illa farið bæði innan sem utan vegna viðhaldsleysis. Sóknarnefnd hafa borist ábendingar um ástandið á húsinu. Búið er að óska eftir við bæjarstjórn Snæfellsbæjar frá sóknarnefndinni í fleira en eitt skipti að fram fari viðgerð á húsinu en af því hefur ekki orðið. Miklar umræður urðu um þennan lið fundarinn.

Í framhaldi af svari við bréfi Öldungaráðs Snæfellsbæjar dagsett 29. ágúst sl. til bæjarstjórnar sem tók þetta mál upp var samþykkt svohljóðandi ályktun:

Ályktun frá aðal safnaðarnefndarfundum Ólafsvíkurkirkju sem haldin var í Safnaðarheimili Ólafsvíkurkirkju mánudaginn 18. september 2023.

„Mikil umræða befur verið á meðal bæjarbúa um framtíð líkhúss bæjarfélagsins við Hjarðartún. Ekki síst eftir að spurðist út að bæjarstjórn Snæfellsbæjar sé ekki blynt áframhaldandi rekstri þess og beina starfsemi sem þar fer fram í önnur bæjarfélög. Sjá afgreiðslu síðasta fundarbæjarstjórnar frá 7. september sl. sem hljóðar svo:

„Bæjarstjórn telur að ekki sé forsvaranlegt að fara í fjárfrekar framkvæmdir við húsið á meðan ekki er fyrirséð hver eða hverjir munu koma til með að sjá um þá þjónustu sem veita þarf. Bæjarstjórn bendir á að þessa þjónustu er hægt að sækja í Stykkishólm.“

Við á þessum fundi erum á einu máli um að það yrði mikil afturför að loka þessari þjónustu og vísa henni í önnur bæjarfélög.

Það er sannarlega meiri reisin og virðing við þau, sem lögð eru upp í sína binnstu för að svona þjónusta sé í boði hér í bæjarfélaginu við sómasamlegar aðstæður. Því miður er hæpið að segja að þær aðstæður séu fyrir bændi í okkar húsi, eins og málum er háttað nú þar sem að viðhaldi hússins er mjög ábóta vant. Ítrekað befur verið óskað eftir að viðgerðir fari fram og bréf sent þar um fyrir fjárbagsáætlun hjá Snæfellsbæ en ávalt komið neitun.

Aðalfundurinn skorar því hér með á bæjarstjórn Snæfellsbæjar að láta fara fram endurbætur á líkhúsi bæjararins hið fyrsta“.

Pétur Bogason lætur nú af störfum við Ólafsvíkurkirkju eftir um þrjátíu ára störf. Hann hefur sinnt kirkjunni af mikilli trúmennsku alla tíð og verður allt hans góða starf seint þakkað. Margir fundarmenn tóku til máls og þökkðu Pétro og óskuðu honum og Kristjönu alls góðs í framtíðinni.

Fyrir hönd sóknarnefndar  
Pétur Steinar Jóhannsson



Pétur Steinar Jóhannsson færði Pétro Bogasyni mynd að gjöf í lok fundar. Á henni stendur Pétur Bogason við kirkjuna sína sem hann er að kveðja eftir áratuga frábært starf. Þess má geta að Pétur verður kvaddur formlega síðar. Ljósmynd. Baldvin Leifur

## Grundarfjarðarhöfn á kaupstefnu



Grundarfjarðarhöfn tók á dögnum þátt í Seatrade Cruise Europe sem fer fram í Hamborg í Þýskalandi. Grundarfjarðarhöfn hefur verið vinsæll áfangastaður skemmtiferðaskipa og fór Hafsteinn Garðarsson, hafnarstjóri Grundarfjarðarbæjar, út sem

fulltrúi hafnarinnar. Seatrade Cruise Europe er kaupstefna sem haldin er árlega í Hamborg þar sem áfangastaðum víðsvegar um Evrópu er gert auðveldara að kynna þjónustu sína fyrir skemmtiferðaskipum og skapa viðskiptasambönd.



Við bjóðum upp á  
alhliða bílaviðgerðir,  
dekkjaskipti og smurþjónustu.

Tímarpantanir í síma 436-1111

# Bókasafn Grundarfjarðar er 100 ára

Lestrarfélag Eyrarsveitar var stofnað á Grund árið 1923 af ungum mönnum í anda ungmennafélaga þessa tíma. Ungmennafélag Grundarfjarðar tók við því eftir stofnun þess en það varð 90 ára nú í sumar. Frá upphafi var bóka-kosturinn staðsettur á heimili þess sem sá um það hverju sinni.

Nýbyggt Samkomuhús Grundarfjarðar hósti nýjan barnaskóla og bókasafn Ungmennafélagsins frá 1945 og eftir 1961 var það flutt í nýja barnaskólann á Borgarholti. Skólastjórar þessa tíma sáu um bókasafnið fyrir ungmennafélagið og seinna sveitarfélagið, Eyrarsveit, sem tók við rekstri bókasafnsins 1956 og hét það eftir það Bókasafn Eyrarsveitar.

Þegar nemendum fjölgaði í barnaskólahúsinu var bóka-kosturinn um tíma í nýju Safnaðarheimili Grundarfjarðarkirkju en annars í geymslu þar til tekin var ákvörðun um að koma því myndarlega fyrir í miðrými nýrrar viðbyggingar skólahússins árið 1978 með fulltingi skólafólks og bókasafnsnefndar. Það varð öllum mikið áfall að árið 1979 brann



myndinni er tekin frá Kirkjufellsfossi og á henni sést til miðbiks sveitarinnar þar sem bókasafnið varð til.

kennarastofan og urðu svo miklar reykskemmdir á bókasafninu að því var fargað.

Safnkostur var byggður upp með kaupum á nýjum og gömlum bókum og búrúst margar bókagjafir frá heimaþingi og öðrum bókasöfnum.

Var nú gengist fyrir því að ráða bókasafnsfræðing til safnsins og kom Súsanna Flygenring til starfa haustið 1984. Hún skræði allan bóka-kostinn og var langt kominn með vel búið skólabókasafnið þegar hún flutti burt 1986.

Enn fjölgaði nemendum og áratug seinna, árið 1998, var al-

menningsbókasafnið flutt yfir götuna í lítið íbúðarhúsið að Borgarbraut 18 og átti ekki afturkvæmt inn í grunnskólann vegna sívaxandi fjölgunar nemenda. Var ákveðið að byggja yfir gamla vél-smiðju í næsta húsi og þar var dreifnámi framhaldsskólanema og bókasafninu komið fyrir árið 2001. Þar var dreifnámið starfrækt þar til Fjölbautaskóli Snæfellinga tók til starfa haustið 2004. Áhaldahúsið og slökviliðið fengu aðstöðu fyrir rekstur sinn á neðri hæðinni.

Árið 1999 var bókasafnið tölva-vætt og tengt Internetinu og árið 2003 sameiginlega bóka-skrárkerf- inu Gegni sem öll bóka-söfn landsins hafa möguleika á að tengjast. Með því opnaðist leið til að sjá í fljótu bragði hvað var til í hillunum og auðveldaði það öll útlán og millisafnalán. Það nýttu sér vel starfsfólk grunnskóla, leikskóla,

Dvalarheimilisins og aðrir nemendur sem voru í fjarnámi næsta áratuginn í sínum starfsgreinum.

Skólabókasafnið leið fyrir þrengsli í grunnskólanum í nokkur ár og sóttu nemendur tíma í nýja bókasafninu hinum megin við götuna þar til bóka-kostur skólans var sameinaður í sérstöku bókasafni enda nemendur þá færri en áður var. Þá fékk safnið aftur þann sess að vera með betur búnu skólabóka-söfnum á Vesturlandi.

Almenningsbókasafnið er nú til húsa í miðbænum í í Sögumiðstöðinni í Grundarfirði og tók á sínum tíma við upplýsingamiðstöð fyrir ferðafólk sem hafði verið starfrækt í húsinu árin á undan enda rekið kaffihús þar á sumrin.

Forstöðumaður frá 1986-2023 er Sunna Njálsdóttir bókasafns- og upplýsingafræðingur.

Guðbjörg Hringisdóttir bóka-safnstæknir lagði bókasafninu lið í hlutastarfi á fyrsta áratug aldarinnar.

Umsjónarkona skólabókasafnsins 1996-2015 var Salbjörg Njaldóttir og eftir það Guðrún Lilja Magnúsdóttir bókmenntarynir.

Íbúar eru hvattir til að koma við á bókasafninu þessar afmælisvikur í september.

Opið kl. 13-17, mánudaga til fimmtudaga.

*Bestu kveðjur, Sunna.*



**FISKMARKAÐUR  
ÍSLANDS**

Sími: 430 3700  
www.fmis.is



Byggðasafn Snæfellinga og Hnappdæla  
býður þér til opunar á nýrri grunnsýningu safnsins  
í Norska húsinu, Stykkishólmi laugardaginn 23. september 2023 kl. 14:30

# HJARTASTAÐUR

SJÓNDEILDARHRINGURINN MEÐ AUGUM  
UNGS FÓLKS Á SNÆFELLSNESI FRÁ 1900



Safnið er opið: 12 -16 alla daga, fram til 25. nóvember 2023.  
Frá 25. nóvember fram til jóla 12-17.

norskahusid.is info@norskahusid.is #norskahusid



## Lokaleikur sumarsins hjá mfl. Víking



Víkingur spilaði lokaleik sumarsins í 2. deildinni síðastliðinn föstudag. KV kom í heimsókn á Ólafsvíkurvöll og lagði Víkingur þá 4-1. Strax á þriðju mínútu náði KV forystu með marki úr vítaspyrnu en Víkingarnir náðu fljótt leiknum aftur, í hálfleik var staðan 2-1 og þegar leikurinn var flautaður af höfðu Víkingar náð 4-1 forystu. Abdelhadi Khalok El Bouzarrari skoraði þar tvö mörk fyrir Víking og Björn Axel Guðjónsson tvö.

Víkingur endaði þannig í 5. sæti

2. deildar þetta sumarið með 38 stig. Af 22 leikjum hefur liðið sigrað 11, gert fimm jafntefli og tapað sex leikjum. Á tímabili sátu Víkingarnir með fjögurra stiga forystu í toppsætinu og leit allt út fyrir að liðið færi upp um deild en liðið lenti í slæmum kafla sem dró þá niður í baráttunni. Liðið náði sér á strík aftur en þó ekki nóg til að landa 1. sætinu að nýju. Víkingur mun því spila aftur í 2. deildinni að ári.

SJ

